

1. OKTÓBER 2009



AFLAHEFTI  
**Fiskistofu**

FISKVEIÐIÁRIÐ 1. SEPTEMBER 2008 – 31. ÁGÚST 2009

# Aflaheimildir

Í töflu að neðan sést úthlutað aflamark (og krókaafلامark) fiskveiðiársins 2008/09, sérstakar úthlutanir og aflamark sem flutt var frá síðasta fiskveiðiári.

Aflamark til ráðstöfunar sem leiðir af þessum þremur stærðum sést svo í fjórða töludálki. Til samanburðar kemur svo fram í töflunni afli fiskveiðiársins í þessum tegundum. Næstu dálkar töflunnar sýna hvernig útgerðarmenn hafa nýtt innbyggðan sveigjanleika í aflamarkskerfinu til að laga aflann að aflaheimildum fiskveiðiársins.



## Aflaheimildir fiskveiðiárið 2008/09

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarks- og krókaafلامarksskip					Aflamark		Afli
	Úthlutað aflamark	Sérstakar úthlutanir	Frá fyrra ári	Aflamark alls	Afli	Til næsta árs	Tilfærsla	Utan aflamarks
Þorskur	152,6	5,7	7,7	166,0	168,5	7,7	-0,1	-14
Ýsa	88,5	2,9	9,7	103,6	89,2	13,0	-2,5	-4,4
Ufsi	63,0	2,1	12,0	77,1	62,2	7,6	-7,6	-1,4
Karfi	50,0	0,0	9,3	59,3	65,9	0,1	6,0	-0,6
Langa	7,0	0,0	1,0	8,0	9,2	0,4	1,4	0
Keila	5,5	0,0	0,5	5,5	7,1	0,2	1,2	0
Steinbitur	11,9	0,4	1,3	13,6	15,4	1,2	2,3	-0,8
Skötuselur	3,0	0,1	0,2	3,3	3,4	0,2	0,3	0
Grálúða	15,0	0,0	2,8	17,8	15,6	1,9	-0,4	-0,8
Skarkoli	6,5	0,1	0,9	7,5	6,4	0,4	-0,7	0
Þykkvalúra	2,2	0,1	0,9	8,1	2,7	0,1	0,3	0
Langlúra	2,4	0,0	0,3	2,6	1,7	0,3	-0,6	0
Sandkoli	1,0	0,0	0,5	2,9	0,8	0,1	-0,5	-0,1
Skrápfjúra	1,0	0,0	0,3	1,3	0,3	0,1		0
Síld	155	1,2	-2,9	153,3	153,0	0,2	0,0	-3,9
Humar	2,2	0,0	0,0	2,2	2,0	0,1	0,1	0
Úthafsækja	7,0	0,0	1,1	8,1	4,0	3,6	0,0	0

Í meginatriðum var afli fiskveiðiársins 2008/09 nokkurn veginn í samræmi við aflamark ársins í helstu tegundum. Afli þorsks var 168,5 þúsund tonn en aflamark 166,0 þúsund tonn. 7,7 þúsund tonn af aflaheimildum í þorski er flutt til fiskveiðiársins 2009/10 sem er nokkuð meira en á fiskveiðiarinu þar á undan, þegar flutt voru 7,2 þúsund tonn.

Dálkurinn „tilfærsla“ sýnir nýtingu heimildar til að skipta aflamarki í einni botnfisktegund í aflamark í annarri botnfisktegund. Skiptigildið ræðst af þorskígildisstuðlum tegundanna. Vegna markaðsverðmætis aflamarks í þorski þá er þorskur sjaldan nýttur í tilfærslu í aðrar tegundir og aflamarki annarra botnfisktegunda má ekki breyta í þorsk. Vegna þessa er tegundatilfærsla í þorski oftast lítil. Auk mismunar þorskafila og aflaheimilda í þorski þá leiða undanþágur frá aflamarkskerfinu til þess að hægt er að flytja verulegt aflamark í þorski til næsta fiskveiðiárs. Vegna undanþáganna reiknast 14,0 þúsund tonna þorskafli á fiskveiðiarinu 2008/09 ekki til aflamarks. Skýringin á þessum aukna afila utan aflamarks er aðallega vegna nýtilkominna strandveiða en á þeim voru veidd 3,4 þúsund tonn af þorski og 3,9 þúsund tonn af þorski voru eyrnamerkt Verk-efnasjóði sjávarútvegsins og 1,9 þúsund tonn línuvinnun.

Tegundatilfærslur fiskveiðiársins 2008/09 voru mestar í ufsa, karfa og ýsu.

Aflamark í tegundum þar sem veiðum er stjórnad í samvinnu við önnur ríki er ekki sett fram í töflunni þar sem veiðitímabil þeirra er annað en fiskveiðiárið. Þetta eru kolmunnir, úthafskarfi, Norðurishafsþorskur, norsk-íslensk síld og rækja af Flæmingjagrundi. Þessar tegundir eru bundnar aflamarki og er úthlutað á almanaksári.

Í dálkinum „sérstakar úthlutanir“ eru bætur vegna skerðingar afila í hörpuðiski og innfjarðarækju, aflamark vegna rannsókna, aflamark til stuðnings byggðarlögum, aflamark til krókaafلامarksbáta o.fl.

# Afli eftir skipaflokkum

## Taflan til hægri sýnir afla íslenskra skipa af öllum veiðisvæðum eftir skipaflokkum fiskveiðiárið 2008/09.

Flokkun í togara, báta og smábáta byggir á stærð og gerð skipanna og helstu veiðiaðferða. Í töflunni eru talin til togara, stór fjölveiðiskip, sem beitt er jöfnun höndum til veiða með rækjuvörpu og til að veiða uppsjávarfiska með nót og flotvörpu. Skipting í báta og smábáta á aflamarki miðast við lengd bátanna. Bátar lengri en 15 m eru taldir „bátar“ en bátar styttri en 15 m teljast „smábátar“.

Heildaraflinn á fiskveiðiarinu 2008/09 var 1.208,6 þúsund tonn. Bátar veiddu að venju mestan aflann eða 659,3 þúsund tonn eða 54,6% af heildarafla íslenskra skipa. Togarar voru með 468,7 þúsund tonn, smábátar voru með 11,1 þúsund tonn og krókaaflamarksbátar voru með 65,4 þúsund tonn eða 5,4% af heildarafla. Nýr flokkur, strandveiðibátar voru svo með 4,1 þúsund tonn.


Skífuritin hér á síðunni sýna hvernig aflinn skiptist hlutfallslega í botnfisk, uppsjávarfisk og krabba- og skeldýr. Af heildaraflanum var 58% uppsjávarfiskur, 41% botnfisktegundir og krabba- og skeldýr voru 1% heildaraflans. Einnig má sjá hvernig skipting aflans var eftir bátum, togurum og smábátum. Afli smábáta samanstóð eins og áður eingöngu af botnfisktegundum eða 96% af heildarafla smábáta.

## Afli fiskveiðiárið 2008/09 eftir skipaflokkum

Afli upp úr sjó – Þús. tonn

	Aflamarksskip			Króka- aflamark	Strandveiði- bátar	Samtals
	Bátar	Togarar	Smábátar			
Þorskur	65,6	62,1	6,7	30,6	3,4	168,5
Barentshafsporskur	0,0	8,4	0,0	0,0	0,0	8,4
Ýsa	36,8	30,0	1,3	21,0	0,0	89,2
Ufsi	14,4	44,3	0,4	2,5	0,6	62,2
Karfi	6,7	58,8	0,1	0,3	0,0	65,9
Úthafskarfi	0,0	15,5	0,0	0,0	0,0	15,5
Steinbítur	5,1	3,8	0,2	6,3	0,0	15,4
Grálúða	2,6	13,0	0,0	0,0	0,0	15,6
Skarkoli	5,0	1,1	0,1	0,1	0,0	6,4
Annar flattfiskur	4,9	1,3	0,0	0,0	0,0	6,2
Annar botnfiskur	18,3	13,2	2,0	4,3	0,0	37,8
<b>Samtals botnfiskur</b>	<b>159,4</b>	<b>251,6</b>	<b>10,7</b>	<b>65,4</b>	<b>4,1</b>	<b>491,2</b>
Síld	110,1	42,9	0,0	0,0	0,0	153,0
Norsk-íslensk síld	166,6	97,2	0,0	0,0	0,0	263,9
Loðna	10,1	5,0	0,0	0,0	0,0	15,1
Kolmurni	94,3	24,8	0,0	0,0	0,0	119,1
Makríll	84,6	33,4	0,0	0,0	0,0	118,1
Annar uppsjávarfiskur	27,3	11,1	0,0	0,0	0,0	38,4
<b>Samtals uppsjávarfiskur</b>	<b>493,0</b>	<b>214,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>707,5</b>
Humar	1,6	0,4	0,0	0,0	0,0	2,0
Rækja	2,1	2,1	0,3	0,0	0,0	4,5
Rækja af Flæmingjagrunni	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	3,3	0,0	0,1	0,0	0,0	3,4
<b>Heildarafli</b>	<b>659,3</b>	<b>468,7</b>	<b>11,1</b>	<b>65,4</b>	<b>4,1</b>	<b>1208,6</b>

Hlutfall (%) afla hvers skipaflokks upp úr sjó (■ Botnfiskur ■ Uppsjávarfiskur ■ Krabba- og skeldýr)



# Fimm fiskveiðiár

## Afli í helstu fisktegundum

### Í töflunni hér til hliðar kemur fram afli íslenskra skipa í helstu tegundum fiskveiðárin 2004/05–2008/09

Heildarafllinn á nýliðnu fiskveiðiári var 1.208,6 þúsund tonn sem er um 3,5% minni afli en á fiskveiðiárinu 2007/08. Þetta er minnsti afli á fiskveiðiári síðan farið var að miða stjórn fiskveiða við tímabilið frá 1. september til 31. ágúst, í byrjun árs 1991.

Botnfiskafllinn jókst frá fyrra fiskveiðiári. Meginskýringin er aflaukning í þorski uppá tæp 30 þúsund tonn. Einnig var tæplega helmings aukning í afla á úthafskarfa en fiskveiðiárið 2007/08 var lélegasta vertíð í þessari tegund síðan byrjað var að gera út á hana. Talsverð aukning var einnig í karfa, grálúða og í flokknum öðrum botnfiski en það eru tegundir eins og langa og blálanga. Hins vegar var verulegur aflsamdráttur í ýsuaflla eða um 19,8% en á fiskveiðiárinu 2007/08 var ýsuafllinn í sögulegu hámarki. Lítilsháttar aflsamdráttur var einnig í ufsa.

Heildaruppsjávarafli dróst saman enn eitt fiskveiðiárið og er orðinn sá minnsti síðan farið var að miða fiskveiðar við ofangreint tímabil.

Það sem ber hæst í uppsjávarveiðunum er algert hrun í loðnuveiðum. Aðeins voru veidd rúm 15 þúsund tonn á fiskveiðiárinu. Afli í sumargotsíld dróst lítið eitt saman en afli í norsk-íslenskrí síld var

## Afli íslenskra skipa fiskveiðárin 2004/05–2008/09

Afli upp úr sjó – í þús. tonna.

Afli upp úr sjó	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09
Þorskur	209,3	201,8	186,8	138,7	168,5
Barentshafsporskur	7,5	5,0	6,6	8,0	8,4
Ýsa	97,5	100,4	100,3	111,1	89,2
Ufsi	71,1	78,2	66,7	66,9	62,2
Karfi	60,9	56,6	59,3	53,6	65,9
Úthafskarfi	17,6	22,5	20,6	8,5	15,5
Steinbítur	14,2	16,5	15,8	15,2	15,4
Grálúða	13,0	12,7	10,0	9,8	15,6
Skarkoli	6,2	5,7	6,2	6,6	6,4
Annar flatfiskur	9,5	7,6	7,2	5,9	6,2
Annar botnfiskur	21,7	25,1	28,0	28,2	37,9
<b>Samtals botnfiskur</b>	<b>528,5</b>	<b>532,1</b>	<b>507,4</b>	<b>452,4</b>	<b>491,3</b>
Síld	114,2	103,0	135,3	160,7	153,0
Norsk-íslensk síld	140,3	129,4	183,2	206,4	263,8
Loðna	602,2	193,8	307,7	149,0	15,1
Kolmunnir	365,0	319,7	241,6	164,7	119,1
Makrill	0,4	4,0	36,0	107,1	118,1
Annar uppsjávarfiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	38,4
<b>Samtals uppsjávarfiskur</b>	<b>1222,1</b>	<b>750,0</b>	<b>903,8</b>	<b>788,0</b>	<b>707,5</b>
Humar	1,9	1,9	1,9	2,0	2,0
Rækja	5,8	1,0	1,9	2,0	4,5
Rækja af Flæmingjagrunni	4,0	3,8	0,0	0,0	0,0
Hörpudiskur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Annar afli	6,1	2,4	5,1	7,8	3,4
<b>Heildarafli</b>	<b>1768,5</b>	<b>1291,2</b>	<b>1420,2</b>	<b>1252,3</b>	<b>1208,6</b>

tæp 264 þúsund tonn og er það mesti síldarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum síðan á hinum svokölluðu síldar-


árum á 7. áratug síðustu aldar. Makrillafllinn jókst enn eitt fiskveiðiárið og var rúm 118 þúsund tonn.

Rækjuveiðar glæddust verulega á síðasta fiskveiðiári. Heildarafllinn var 4.468 tonn sem er 119% aukning frá fiskveiðiárinu 2007/08. Afllinn hefur verið að aukast jafnt og þétt síðastliðin fjögur fiskveiðiár. Íslensk skip fóru ekki til veiða á Flæmingjagrunni á síðasta fiskveiðiári og er þetta þriðja fiskveiðiárið sem íslensk skip stunda ekki veiðar þar.

Á stöplartíttinu hér til vinstri má sjá heildarfiskaflla íslenskra skipa síðan farið var að miða fiskveiðiárið við tímabilið 1. september til 31. ágúst. Þar sést glögglega að undanfarin fjögur fiskveiðiár eru lökustu árin og má rekja þennan samdrátt til aflabrests í loðnu.

## Heildarafli íslenskra skipa fiskveiðárin 1992/93–2008/09

(í þús. tonna)



# Veiðarfæraskipting

## Skipting afla eftir veiðarfærum

Taflan að neðan sýnir skiptingu afla í tegundum, sem bundnar eru aflamarki, eftir helstu veiðarfærum fiskveiðiarin 2004/05–2008/09. Aflinn er reiknaður til þorskígilda samkvæmt þorskígildisstuðlum hvers fiskveiðiaris.

Þorskígildi tegundar lýsir í megindráttum aflaverðmæti hennar. Upplýsingar í töflu ná til meira en 95% af verðmæti heildarafla þessara fiskveiðiará sem birt eru.

Á síðasta fiskveiðiarinu urðu nokkrar breytingar á aflsamsetningu eftir veiðarfærum. Eins og undanfarin fiskveiðiar er botnvarpan mikilvægasta veiðarfærið. Hluttur botnvörpu á síðasta fiskveiðiarinu var 45,0% sem er svipað og árið áður. Hluttur línu hefur verið að aukast jafnt og þétt á undanföllum árum og var á síðasta fiskveiðiarinu kominn upp í 22,4%. Athyglisverðast er þó aukinn hluttur nótar á síðasta fiskveiðiarinu en skýringin á því fellst aðallega í aukningu á síldarafla.

Vægi neta jókst á síðasta fiskveiðiarinu en árin þar á undan hafði það minnkað jafnt og þétt. Annars hefur hlutfall afla einstakra tegunda eftir veiðarfærum ekki breyst verulega síðustu ár

## Veiðarfæraskipting helstu botnfisktegunda


Í meðfylgjandi skífuritum er sýnd veiðarfæraskipting afla helstu botnfisktegunda fiskveiðiarin 2008/09. Að venju er stærstur hluti þorsk- og ýsuaflans veiddur í botnvörpu og á línu eða samanlagt 76% þorskafans og 80% ýsuaflans. Að venju er mestur hluti kola veiddur í dragnót og ufsa í botnvörpu. Þó hefur hluttur botnvörpunnar minnkað jafnt og þétt í ufsaafnanum, úr 86,8% á þar síðasta fiskveiðiarinu niður í 76,9% á nýliðnu fiskveiðiarinu.

Miklar breytingar hafa orðið á steinbítsafla eftir veiðarfærum. Hluttur línu er nú orðinn meiri en botnvörpu að nýju en á fiskveiðiarinu 2007/08 var hluttur botnvörpu 47,3% en línu 40,3%. Á síðasta fiskveiðiarinu var hluttur línu kominn í 49% en hluttur

botnvörpu niður í 41%. Þess má geta að fyrir fáeinum árum var rúmlega 65% steinbítsaflans veiddur með línu. Athygli vekur aukning á hlut handfæra úr 1,0% á þar síðasta fiskveiðiarinu upp í 2,1% á síðasta fiskveiðiarinu. Tilkoma strandveiða ræður mestu um þessa aukningu.

## Veiðarfæraskipting (%) helstu botnfisktegunda fiskveiðiarin 2008/09

■ Botnvarpa ■ Net ■ Handfæri  
■ Dragnót ■ Lína ■ Önnur veiðarfæri



## Veiðarfæraskipting afla íslenskra skipa fiskveiðiarin 2004/05–2008/09


Þorskígildi hvers árs %	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09
Botnvarpa	43,2%	45,0%	40,0%	45,5%	45,0%
Dragnót	6,7%	6,5%	3,6%	6,6%	7,7%
Handfæri	1,7%	1,4%	0,9%	1,0%	2,1%
Lína	17,6%	22,1%	18,4%	19,3%	22,4%
Net	7,9%	6,1%	4,9%	4,7%	6,2%
Nót	7,9%	4,5%	8,0%	7,1%	11,1%
Annað	18,0%	14,3%	24,2%	15,7%	5,5%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

# Strandveiðar



Strandveiðar voru heimilaðar yfir sumarvertíð árið 2009 með bráðabirgðaákvæði í lögum. Heimilt var að veiða á handfæri allt að 3.955 tonn af óslægðum þorski, sem ekki reiknuðust til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra fiskiskipa sem stunduðu handfæraveiðar samkvæmt reglugerð.

Fjöldi báta sem stunduðu veiðar í strandveiðikerfinu 2009



Strandveiðunum var skipt á fjögur landssvæði. Svæði A náði frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Skagabyggðar, svæði B var frá sveitafélaginu Skagafirði til Grýtubakkahrepps í Eyjafirði, svæði C var Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps og svæði D frá sveitafélaginu Hornafirði til Borgarbyggðar.

Aflaheimildum var misskipt milli svæða. Hæst var aflamarkið á svæði A eða 1.316 tonn. Næst kom svæði C með 1.013 tonn og því næst svæði B með

936 tonn. Minnst féll til á svæði D eða 690 tonn.

Ýmis skilyrði voru bundin þessum veiðum. Meðal annars var óheimilt að stunda veiðar á föstudögum og laugardögum. Hver veiðiferð mátti ekki standa lengur en 14 klukkustundir og um borð máttu að hámarki vera fjórar handfærarúllur og engin önnur veiðarfæri. Að auki var hverju fiskiskipi aðeins heimilt að draga 800 kg af kvótabundnum tegundum, miðað við óslægðan afla í hverri veiðiferð.


Alls voru gefin út 595 veiðileyfi til strandveiða sumarið 2009. Skiptingu milli svæða má sjá í skífuritinu hér að neðan. Flest veiðileyfin voru gefin út fyrir svæði A eða 199 (33,4%) en fæst fyrir svæði B eða 102 (17,1%).

Aflaheimildir voru misvel nýttar eftir svæðum. Aflaheimildir voru fullnýttar á svæði A en slökust var nýtingin á svæði D eða 56% og á svæði B var nýtingin 63%. Á stöplaritinu að neðan má sjá þetta á grafískan hátt.


Í skífuritinu hér að neðan má sjá aflasamsetninguna í strandveiðunum eftir tegundum. Skiljanlega var mest sókn í þorsk og var aflinn rúm 3,4 þúsund tonn eða um 84% af heildaraflanum. Ufsi kemur næst með 567,7 tonn og karfi er 38,9 tonn.




Skipting afla (%) eftir tegundum í strandveiðikerfinu



Fjöldi útgefna veiðileyfa til strandveiða eftir svæðum



Afli og aflaheimildir eftir svæðum í strandveiðikerfinu  
Afli í tonnum.



# Flutningur aflahlutdeilda og aflamarks

Taflan til hægri sýnir flutning aflahlutdeilda milli skipa fiskveiðiarín 2004/05–2008/09. Minna var um flutning aflahlutdeilda milli skipa á nýliðnu fiskveiðiaríni en á fiskveiðiaríni 2007/08. Að öllum líkindum er óvissan sem ríkir í efnahags- og sjórnámum sem kunna að skýra minni flutning aflahlutdeilda.

Taflan að neðan sýnir flutning aflamarks milli skipa fiskveiðiarín 2006/07–2008/09 og sundurliðun viðskiptanna 2008/09.



## Flutningur aflahlutdeilda (%) milli fiskiskipa fiskveiðiarín 2004/05–2008/09

	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09
Þorskur	19,8	18,4	25,8	17,7	8,2
Ýsa	30,7	27,3	32,7	19,5	9,3
Ufsi	24,7	21,6	31,1	15,2	7,7
Karfi	33,2	30,5	34,9	13,4	8,8
Langa	31,9	17,2	46,8	19,2	8,4
Keila	54,6	10,2	71,6	15,4	3,5
Steinbítur	36,6	24,6	44,6	26,3	22,0
Skötuselur	27,4	14,1	53,3	18,3	13,3
Grálúða	7,3	19,5	29,3	6,4	13,6
Skarkoli	23,1	12,1	43,9	17,0	15,0
Þykkvalúra	24,3	17,0	33,0	14,9	14,5
Langlúra	6,0	5,7	30,7	18,1	8,7
Sandkoli	24,8	25,2	37,2	8,8	14,4
Skráplúra	18,0	9,7	25,7	24,5	12,8
Síld	18,7	2,2	56,7	50,1	3,3
Loðna	16,7	7,9	38,7	32,7	8,0
Humar	10,4	7,4	24,6	25,1	13,2
Úthafsraekja	32,1	44,1	30,2	41,5	19,2

Hlutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

## Flutningur aflamarks fiskveiðiaríð 2008/09

	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu óskýldra aðila	Fiskveiðiaríð 2008/09 Flutningur samtals	Fiskveiðiaríð 2007/08 Flutningur samtals	Fiskveiðiaríð 2006/07 Flutningur samtals
Þorskur	32.069	32.399	64.468	67.231	88.217
Ýsa	28.212	35.397	63.609	76.717	76.987
Ufsi	30.811	25.255	56.065	61.994	62.657
Karfi	27.680	13.521	41.200	54.062	50.269
Langa	3.889	2.612	6.501	5.308	4.612
Keila	4.218	1.310	5.528	4.997	5.968
Steinbítur	4.976	8.816	13.791	14.336	14.023
Skötuselur	696	2.019	2.715	2.290	3.138
Grálúða	6.798	4.644	11.442	10.698	12.074
Skarkoli	2.628	3.953	6.581	6.429	6.506
Þykkvalúra	902	1.118	2.019	1.918	1.969
Langlúra	948	753	1.700	2.512	1.774
Sandkoli	331	414	745	1.386	1.707
Skráplúra	239	296	535	1.020	1.737
Síld	46	25	71	97	74
Loðna	6	1	7	73	97
Humar	463	299	762	487	509
Úthafsraekja	2.685	5.514	8.199	6.859	8.285

Ofangreindar tölur miðast við lestir. Aflamark miðast við slægdan fisk þar sem við á. Um veltutölur er að ræða.





## AFLAHEFTI

# Fiskistofu

Hér eru teknar saman bráðabirgðatölur um veiðar og afla Íslendinga á nýliðnu fiskveiðarári og samanburður gerður við fyrri fiskveiðarár. Þessar tölur kunna að breytast þegar endanlegar tölur Hagstofu um afla liggja fyrir síðar. Vakinn er sérstök athygli á að aflatölurnar miðast við fiskveiðarár, þ.e. tímabilið 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár.



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfirði  
Sími 569 7900 • Fax 569 7991  
[www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)